

Ályktanir samþykktar á aðalfundi lækna ráðs Landspítala 2017

Ályktun um fjárframlög til menntunar læknanema


Aðalfundur lækna ráðs Landspítala haldinn 31. maí 2017 lýsir yfir þungum áhyggjum af því að fjárframlög til menntunar læknanema endurspeglu ekki raunkostnað námsins, hvorki grunnnáms né klíníks hluta þess á sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum. Lækna ráð Landspítala telur brýnt að þetta verði leiðrétt hið fyrsta og beinir þeim tilmælum til heilbrigðisráðherra og menntamálaráðherra.

Samanburður á reikniflokkum nokkurra námsgreina á árabílinu 2007 - 2017 sýnir samdrátt í fjármögnun læknanáms á Íslandi. Þetta er að mati lækna ráðs Landspítala hættuleg þróun og er skýrt merki um undirfjármögnun. Vandamál vegna ófullnægjandi nýliðunar í læknastétt og menntun læknanema eru samtvinnuð.

Aðalfundur lækna ráðs Landspítala telur mikilvægt að fleiri fái tækifæri til læknanáms á Íslandi, og til að svo megi verða þarf fjármögnun námsins bæði á grunnstigi og innan Landspítalans og öðrum heilbrigðisstofnunum að vera fullnægjandi.

Greinargerð:

Mynd úr kynningu rektors Háskóla Íslands 13. mars 2017



Ályktun um tillögur um nýja stjórnarnefnd Landspítala

Aðalfundur lækna ráðs Landspítala haldinn 31. maí 2017 er hlynntur því að stjórnskipulag Landspítala verði tekið til umræðu. Meðal annars með það að markmiði að fulltrúar starfsmanna, fagraða sjúkrahússins og samstarfsháskóla eigi sæti í stefnumótandi stjórnarnefnd Landspítalans. Afar mikilvægt er fulltrúar almennings og aðilar sem hafa faglega innsýn í starfsemi stofnunarinnar hafi aðkomu að slíkri stjórn.

Landspítali er stærsta stofnun ríkisins og stærstur hluti fjárlaga kemur í hlut hans. Núverandi framkvæmdastjórn er í dag falin bæði stefnumörkun og rekstur án aðkomu hefðbundinnar ytri stjórnar sem mótar stefnu sjúkrahússins til lengri og skemmri tíma.

Lækna ráði og hjúkrunarráði Landspítala er ætlað að vera forstjóra og framkvæmdastjórn til ráðuneytis um fagleg atriði í rekstri stofnunarinnar og skv. ákvæðum 13. gr. laga nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu ber forstjóra og framkvæmdastjórn að leita álits lækna ráðs um mikilvægar ákvarðanir sem varða lækniþjónustu stofnunarinnar. Á það skal bent á að í nýjustu útgáfu af skipuriti Landspítala hafa bæði lækna ráð og hjúkrunarráð verið afmáð, nokkuð sem er ekki í samræmi við það hlutverk sem löggjafinn hefur ætlað þeim. Þetta telur aðalfundur lækna ráðs Landspítala óviðunandi og það þurfi að leiðrétta hið snarasta.

Landspítalinn gegnir, auk þjónustu við sjúklinga, því hlutverki að vera helsta mennta- og vísindastofnun landsins á sviði lækna- og heilbrigðisvísinda. Þar stunda tæplega 1800 nemendur nám á ári hverju. Að því liggja gild rök að mjög skorti á aðkomu Háskólans að stjórn og framtíðarstefnumörkun háskólasjúkrahússins.

Ályktun vegna stjórnkerfisbreytinga á rannsóknarstofum Landspítala

Aðalfundur lækna ráðs Landspítala haldinn 31. maí 2017 krefst þess, að stjórnkerfisbreytingar á rannsóknarsviði sem tóku gildi 1. janúar sl. verði dregnar til baka, og að stjórnun og fagleg ábyrgð lækna á starfsemi rannsóknastofa spítalans fari saman.

Yfirlæknum sérgreina læknisfræðinnar á Landspítala er ætlað það hlutverk, að tryggja að starfsemi sérgreina þeirra standi undir læknisfræðilegum kröfum um gæði lækninga, þ.e. sjúkdómsgreininga, ráðgjafar og meðferðar. Heildarábyrgðin getur eingöngu verið í höndum lækna, sem sérþekkingu hafa á viðkomandi greiningum og þeirri ráðgjöf sem þeim tengjast.

Aðalfundurinn telur ámælisvert, að forstjóri Landspítala hafi ekki tekið tillit til álits yfirlækna á rannsóknarsviði Landspítala um áhrif breytinga á stjórnkerfi rannsóknardeilda á starfsemi viðkomandi sérgreina. Þá hafi ekki verið brugðist við ábendingum og mótmælum allra sérfræðilækna meinafræðideildar, allra sérfræðinga í blóðlækningum á landinu, yfirlækna á lyflækningadeildum, ályktun fjölmenns fundar lækna rannsóknarsviðs, bréfs Félags íslenskra rannsóknarlækna, greinargerðar Læknafélags Íslands og ekki hafi verið leitað álits lækna ráðs Landspítala eins og lög um heilbrigðisþjónustu kveða á um.

Til að tryggja öryggi sjúkdómsgreininga og þar með öryggi meðferðar skjólstæðinga Landspítala og til að tryggja kennslu- og vísindalega getu háskólasjúkrahússins gerir lækna ráðið kröfu um að hæfnisviðmið, skipulag og allur rekstur á rannsóknarstofum Landspítala sé í samræmi við fagleg sjónarmið og ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu auk alþjóðlegra viðurkenndra staðla fyrir lækningarannsóknastofur.